53 12. apríl **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um tekjuskattsgreiðslu af launaviðbót embættismanns.** — Þorsteinn Jónsson, hjeraðslæknir í Vestmannaeyjum, sem með fjáraukalögunum 4. nóvbr. f. á. fyrir árin 1886 og 1887 fjekk uppbót á embættislaunum sínum frá 1. nóvbr 1876 til 31. desbr. 1887, að upphæð kr. 4397,66, hefur spurzt fyrir um, hvort sjer beri að greiða tekjuskatt af tjeðri upphæð, og ef svo er, þá af hve miklum hluta hennar og hve mikið af hundraði hverju.

Útaf þessu skal yður, herra amtmaður, hjermeð tilkynnt, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að framangreind upphæð er vangoldin embættislaun fyrir all-langan tíma, sem hjeraðslæknirinn, ef launin hefðu verið greidd honum á rjettum tíma, eigi mundi hafa þurft að gjalda meiri tekjuskatt af en 1½ af hundraði, þá álít jeg sanngjarnt, að hann heldur ekki nú, þó uppbótin hafi verið greidd honum öll á sama ári, greiði hærri tekjuskatt af henni en 1½ af hundraði, og að hann greiði engan skatt af þeim hluta hennar, er stafar frá tímabilinu 1. nóvbrm. til 31. desbr. 1876.

54 16. apríl **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður og austuramtinu* **um skilning á ráðgjafabrjefi um byggingu þjóðjarða 25. maí 1880, 5. c.** — Um leið og þjer senduð mjer umboðsreikning Reynistaðarklausturs með þóknanlegu brjefi 21. f. m., hafið þjer, útaf byggingu þjóðjarðarinnar Tungu í Sauðárhreppi, beiðst úrlausnar minnar á því, hvort sá skilningur yðar á fyrirmælum ráðgjafabrjefs 25. maí 1880, 5. c. sje rjettur, að amtmaður hafi vald til að samþykkja bygging þjóðjarðar, ef það afgjald byðist, sem áður hefði verið goldið eptir jörðina.

Útaf þessu skal yður hjer með tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg verð að álíta samkvæmt nefndu ráðgjafabrjefi 5. b. c. og d., að amtmaður hafi vald til að samþykkja byggingu þjóðjarðar, þegar það eptirgjald býðst, sem amtsráðið hefur stungið upp á og sem eigi er minna en verið hefur, eða þá það eptirgjald, sem hlutaðeigandi sýslunefnd hefur stungið upp á eða samþykkt, en sje hvorugt þessara skilyrða fyrir hendi, beri amtmanni að leita álits hlutaðeigandi sýslunefndar um tilboð þau, er fram hafa komið og senda síðan málið til landshöfðingja til úrskurðar.

Samkvæmt því skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að leita álits sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu um eptirgjaldstilboð ábúandans á Tungu í Sauðárhreppi og síðan senda mjer málið með þóknanlegum ummælum yðar.

55 **Reikningur**

yfir tekjur og gjöld legatssjóðs Ørum & Wulffs 1887.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1888:			
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar Ltr. G. fol. 1130	Kr. 4000,00		
b. Í peningum	— 12.35	kr. 4012,35	
2. a. Leigur af innstæðu sjóðsins, 4% frá 11/6 86 til 11/12 86	— 80,00		
	Flyt kr. 80,00	— 4012,35	

	Fluttar kr.	80,00 kr.	4012,35 55
b. Leigur af innstæðu sjóðsins 3½% frá 1/12 86 til 1/6 87	—	70,00	
c. Leigubreitingaruppbót, samkv. augl. 13. nóvbr. og 31. desbr. 1886	—	70,00 —	220,00
			Kr. 4232,35

Gjöld:

1. Fyrir auglýsing í »Fróða«	Kr.	1,60
2. Fyrir auglýsing í »Norðurljósinu«	—	1,80
3. Fyrir 2 auglýsingar í »Austra«	—	4,00
4. Styrkur veittur Jóhannesi Frímanni Jóhannessyni á Eyðum	—	150,00
5. Í sjóði við árslok 1887:		
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar, 3½%. dagsett 8. júní 1887, Litr. A. fol. 92	Kr. 4000,00	
b. Í peningum	— 74,95	kr. 4074,95
		Kr. 4232,35

Skrifstofu norður- og austuramtsins 14. janúar 1888.

J. Havsteen. *Þ. Guðjohnsen.*

Reikningur 56

yfir tekjur og gjöld ýmissa sjóða, er standa undir stjórn og umsjón amtsráðsins í norður- og austuramtinu, fyrir árið 1887.

Búnaðarskólasjóður norður- og austuramtsins.

Tekjur.	Kr. a.	Kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1887:		
a. Í lánum móti veði	8000 00	
b. Vangoldið búnaðarskólagjald af Hlíðar- og Fremrinámum í Þingeyjarsýslu 1875—1886	28 56	
c. Í peningum	99 65	8128 21
2. Vextir:		
a. Frá 11. júní 86—11. júní 87 af 7100 kr.	284 00	
b. Frá 11. júní 86—11. jan. 87 — 200 —	4 66	
c. Af lánum upp á 700 kr., veittum eptir 11. júní 86	20 40	309 06
3. Búnaðarskólagjöld:		
a. Úr Eyjafjarðarsýslu	247 31	
b. — Þingeyjarsýslu	216 59	463 90
4. Vangoldið búnaðarskólagjald af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu fyrir 1887		2 34
5. Endurborgað lán		200 00
6. Hjer færist til jafnaðar gjaldliður 1.		850 00
		9953 51